



Ræða um verslunarmál, flutt á Snæfellsnesi 1955.

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Verslunarmál – Holland – Atvinnurekstur – Snæfellsnes –
Samkeppni

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður og greinar 1940-1965
Askja 4-2, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt á Snæfellsnesi 1955.
Endi þingt.

Við Íslendingar búum í hrjóstrugu og erfiðu landi, sem stundum hefur verið talið lítt byggilegt, enda hefur því löngum verið haldið fram, að lífskjör þjóðarinnar hlytu að vera rírari en annarra vegna bágra landkosta hér.

En jafnvel á þeim árum, þegar náttúran var harðleiknust við landið, svo sem á síðari hluta átjándu aldar, töldu sumir, að Íslendingum líði miklu verr en öðrum, ekki eingöngu vegna lélegra landkosta, heldur einnig vegna þess, að ekki var rétt með landið farið.

Því kvað ^{þetta} Gunnar Pálsson, sem var upp á sitt besta fyrir tvö hundruð árum, þ.e. um miðja átjándu öld, svo:

Ef menn vildu Ísland
eins með fara og Holland,
held ég varla Holland
hálfu betra en Ísland.

Auðugt nóg er Ísland
af ýmsu, er vantar Holland.
Eða hví vill Holland
hjálpa sér við Ísland?

Fyrir tveim öldum þurfti ^{at vísu} ~~þetta~~ skáldlega bjartsýni til þess að láta sér til hugar koma, að með ^{munurinn á því og} ~~ei~~ ^{þess} herra ^{þess} ~~þess~~ frjósamasta og auðugasta landi Norðurlálfu, Hollandi, yrði ekki meira en ^{svo, at það þetta} aðeins hálfu betra en Ísland.

Auðvitað er hið flata, frjósama Holland enn miklu ríkara að landkostum en okkar ^{þjóðum þess} eigna fósturjörð, ^{er hún breytingin á ortum, svo sem manna má af} en þó ~~minnst~~ ^{er} ég þessa hér vegna ummæla, er ég heyrði höfðu eftir hóp ungra úrvalsmanna frá Hollandi, sem dvöldu í Reykjavík fyrir nokkrum vikum, og taldir voru bezt búnir að íþróttum þar í landi. Þeir, sem mest höfðu saman við menn þessa að selda á meðan þeir voru hér, sögðu mér, að sumir Hollendinganna hefðu verið ófúsir til að hverfa aftur til heimalands síns vegna þess, að þeim ~~hæfi~~ ^{tæk} virat líf skjör manna hér og líðan almennings svo miklu betri, en þeir eiga að venjast á ættjörð sinni.

Auðvitað má ætíð gera ráð fyrir því, að einhverjar ýkjur séu í slíkum ummælum erlendra gesta. En þó hygg ég, að fáir eða engir Íslendingar, sem eitthvað hafa séð af erlendum löndum og satt vilja segja, véfengi, að líf skjör alþýðu manna eru óvíða eða hvergi í Norðurlálfunni betri en hér og víða miklu verri.

Breytingin, sem orðin er frá því, að séra Gunnar Pélsson gerði samanburðinn á Íslandi og Hollandi fyrir tveim öldum, er því mikil. Og ástæðan til breytingarinnar er einmitt sú, sem skáldið vísar til, að menn fara nú eins með Ísland og Holland. Þjóð okkar hefur nú náð sjálfstæði sínu, eins og hin hollenzka hafði þá fyrir tveim öldum, og frjálssir manndómsmenn í eigin landi læra senn að hagnýta sér gæði þess.

Velmegun Íslenzku þjóðarinnar hefur stöðugt vaxið í réttu hlutfalli við vaxandi sjálfstæði ríkisins og frjálssræði borgaranna. Aldrei hefur þjóðinni í heild né einstaklingum hennar þó vegnað betur en einmitt nú og raunar ætíð frá því, að lýðveldi okkar

var endurreist fyrir 11 árum, enda hafa áhrif Sjálfstæðisflokksins, forystuflokksins um sjálfstæði ríkisins og frelsi borgaranna, aldrei verið meiri í stjórn-
málum landsins en á þessu glæsilega umbóta-tímabili.

Jafnframt því sem við minnumst alls þess, er gert hefur verið og gert er til að bæta hag þjóðarinnar í bráð og lengd, skulum við þó ekki láta úr huga falla, að mörgu er enn ábótavant og að okkur hrjá ýmsar meinsemdir, sem sjálfsagt er að reyna að ráða bót á. Þær eru að vísu misjafnlega erfiðar viðfangs en ~~auðvitað~~ allar slíkar, að frumskilyrði þess, að við þær verði ráðið, er, að menn geri sér rétta grein fyrir eðli þeirra og orsökum.

Enginn efi er t.d. á því, að hátt verðlag og ójafnvægi í fjármálum er sú hættu, sem helzt steðjar nú að áframhaldandi framförum og vellíðan alls almennings í landinu. Menn hafa ýmsar skýringar á þessu fyrirbæri og er ein þeirra sú, að milliliðir, sem svo eru kallaðir, taki allt of mikinn gróða til sín og sé sá gróði frumorsök þessara erfiðleika atvinnulífsins.

En við hverja er átt, þegar talað er um þessa milliliði?

Hinn stærsti þeirra og völdugasti er Samband íslenskra samvinnufélaga og kaupfélög þess. Þá koma bankarnir, váttryggingarfélag, flutningafélag eins og Eimskipafélag Íslands og loks kaupmenn, e.t.v. eigendur hraðfrystihúsa og aðrir bersyndugir.

Allir þessir aðilar hafa þýðingarmiklu hlutverki að gegna í þjóðfélaginu. Ef vel á að vera, verða

þeir allir að ^{halda} safna einhverjum gróða, því að ella stöðvast atvinnurekstur þeirra eða getur ekki eflzt með eðlilegum hætti og gert það þjóðfélagsgagn, sem til er ætlazt. Bankar og váttryggingarfélag hljóta að safna sjóðum til að standa undir óhjákvæmilegum skakka- föllum og verja auk þess fé sínu til útlána í margs konar nytsamar framkvæmdir. Ef Eimskipafélag Íslands hefði ekki grætt á stríðsárunum og fyrstu árunum þar á eftir, mundi hafa skort fé til að byggja þann glæsi- lega skipaflota, sem nú er í eigu félagsins og gleður hug allra góðra Íslendinga jafnframt því, sem hann er ein meginstöðin undir velmegun þjóðarinnar. ^{þj.} Vill nokkur halda því fram, að betur hefði farið, ef öllum gróðanum hefði þá jafnóðum verið skipt ^{um} í laun og arð, svo að við þyrftum enn að búa við hin ófullkomn- ari skip, er við áður áttum? Á sama veg verða þeir, sem verzlun stunda, hvort heldur kaupmenn eða kaup- félög, að safna nokkru fé til að geta rekið starf sitt með hagkvæmum hætti.

Þetta sjá allir þegar á það er bent, en því er þá haldið fram, að gróðanum sé ekki rétt varið eða hann sé óhæfilega mikill og stundum ^{ísl. vel} ~~þá~~ hvort tveggja.

Auðvitað verður ekki synt fyrir öll sker í þessu. Enginn maður hefur enn fæðzt gallalaus og reynslan hefur sýnt, að sitt hvað þjáter á, hvert sem fyrir- komulagið er. Sumir segja, að allt muni betur fara, ef samvinnufélög annist sem mestan rekstur, aðrir telja ríkisrekstur eina ráðið og við Sjálfstæðismenn höldum því eindregið fram, að þótt án hvorugs þessa megi vera, ^{þessa við i,} sé samkeppnin öllum hollust og hugkvæmni

og dagnað hinna einstöku atorkumanna megi sízt drepa í dróma.

Við ráðum ekki þessu deilu ^{mi um hæghesta þyngi} til lykta í dag. ^{þann a lag atvinnu- veldi}

En mér hefur ætíð reynzt það holl leiðbeining til úr-
lausnar ^{á þessum er er} háfleygna ^{þessum er er} sköðunum að virða fyrir mér, hvern-
ig hver ~~er~~ um sig reynist í daglegu lífi. Ég hygg t.d.,
að fáir Snæfellingar, í hvaða flokki sem er, muni
neita því, að kaupmaðurinn Sigurður Ágústsson hefur
reynzt þessu byggðarlagi þarfur maður. Engum kemur
til hugar, að hann hafi dregið fé út úr atvinnurekstri
sínnum sjálfum sér til hags eða hann lifi óhófsömu
eyðslulífi. Allir vita, að hann er starfandi frá
morgni til kvölds að margháttuðum framkvæmdum og lausn
óteljandi vandamála, er héraðsbúar hvaðanæva leita til
hans með.

Sigurður Ágústsson hefur lagt allt sitt ævistarf
fram til góðs fyrir byggðarlögin hér á Snæfellsnesi
og á sína eigin afkomu og efnahag undir, að atvinnulíf
Snæfellinga blessist og blómgist. ~~Andstaðingar Sig-
urðar dreifa því stundum út, að hann sé skuldgur
maður. Sjálfur hefi ég ekki hugmynd um, hvort svo er
eða ekki. Hitt veit ég, að~~ öllu því fé, sem Sigurður
Ágústsson hefur fengið handa á milli, hefur verið var-
ið til framkvæmda og eflingar heilbrigðs atvinnurekstr-
ar í landinu, svo að þess sér varanlega stað í bættum
lífsskilyrðum og aukinni farsæld fólksins.

Ég rifja þetta upp hér vegna þess, að ég kann
ætíð betur við að tala af hreinskilni, hispurslaust,
en ekki ^{af þess} vegna þess, að ég sé að segja ykkur nokkur
^{skemur í heit} ný sannindi, góðir Snæfellingar. Þið vitið það ekki
síður en við félagar Sigurðar Ágústssonar á Alþingi,

að þar sem hann fer, þar er maður, sem aldrei lætur neitt færi ónotað til að vinna fyrir þá, sem veitt hafa honum trúnað.

Með því, sem ég hefi nú sagt um Sigurð Ágústsson, halla ég ekki á neinn, en auðvitað hafið þið, góðir Snæfellingar, sýnt honum sérstakan trúnað, af því að hann hefur í störfum sínum reynzt ykkur öðrum hollari.

Ég játa, að því fer fjarri, að allir kaupmenn eða atvinnurekendur líkist Sigurði Ágústssyni. Jón heitinn Magnússon, forsætisráðherra, sagði einu sinni, er hann hafði heyrt hágöfugan embættismann halda ræðu á Alþingi, að orð hans hefðu sannfært sig um, að skríll væri til í öllum stéttum. Þetta á við um kaup-
menn ekki síður en aðra. ^{Enda} En því fer ~~þá~~ fjarri, að ekki megi finna að sumu því, sem gert er í skjóli ríkisreksturs og samvinnufélaga. ^{þá er sem einhver bestur} Ég skal aðeins taka eitt dæmi.

Á s.l. vetri kom í ljós, að einni vefnaðarvörubúð í Reykjavík hafði tekizt að fá að láni úr tveimur bönkum þjóðarinnar, Útvegsbankanum og Búnaðarbankanum, að því er fullyrt hefur verið, eitthvað ^{því} nær 8. millj. króna samanlagt, auk margra milljóna, sem fengnar voru með okurvöxtum á svokölluðum svarta markaði. Viðskiptunum við bankana var svo háttað, að í fyrstu munu þau aðallega hafa verið við Útvegsbankann, sem ~~er~~ ^{er} lögum samkvæmt á að greiða fyrir verzlun, en síðar meira og meira færzt yfir í Búnaðarbankann, sem samkvæmt ótvíræðu lagabóði hefur þann tilgang "að styðja landbúnaðinn og greiða fyrir fjármálaviðskiptum þeirre, er stunda landbúnaðarframleiðslu."

elki aðeins við
um embættismenn
heldur og kaupmenn
og kaupfélags-
stjórn

Til ~~enn frekari skýringar~~ er þess að geta, að þann þær mundir, sem Búnaðarbankinn veitti mest af lánum sínum, ^{til þessara vefnaðarvöruleyfa} hafði ríkisstjórnin þurmt orðum farið þess á leit við bankana, að þeir færu varlega í lánveitingum til verzlunar almennt, þar sem ella væri hætt á, að óeðlilegur innflutningur torveldaði þann vilja stjórnarinnar að forðast innflutningshöft og halda því verzlunarfrelsi, sem náðst hafði eftir langa baráttu. En forstöðumaður þeirrar verzlunar, sem hér átti hlut að, lýsti því síðar fyrir rétti, að ástæðan fyrir hinum gífurlegu innkaupum hans hefði einmitt verið sú, að hann taldi öruggt, að stefnu ríkisstjórnarinnar yrði ekki haldið, heldur mundu innflutningshöft tekin upp að nýju og gengi krónunnar fellt.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um þann verknað að auka lánveitingar stórlega til manns, sem svo fór að, en láta mér nægja að segja frá niðurlagi sögunnar, sem er jafnvel enn furðulegra en upphafið. Þegar svo reyndist, að stefna ríkisstjórnarinnar varð haldbetri en vefnaðarvöruleyfa kaupmaðurinn hafði ætlað, virtist svo sem fyrirtæki hans mundi verða gjaldþrota. Til hindrunar því komst samt skjótlega hreyfing á ýmsa aðila, og er því ekki að leyna, að lokaátakið í því vann Samband Íslenskra Samvinnufélaga, sem keypti vörubirgðir verzlunarinnar fyrir nær 9 milljónir króna og hækkaði tilboð sitt í þær verulega - ekki í samkeppni við aðra - heldur eftir að í ljós var komið, að kaupmenn í Reykjavík vildu ekki stuðla að viðhaldi fyrirtækisins með því að meta vörubirgðirnar fyrir mun minna en Sambandið að lokum keypti ^{þær} *þær* ^{þær} *þær*

ekki til framleiðslu
 eða vaxt samlagra
 framkvæmda heldur
 til kaupna
 vöruleyfa á
 vefnaðarvörum, sem
 myndast óseljanlegu

sem reynt heft
öreljanleikum í flestarvörðum

Mér er sagt, að þennan ~~ástand~~ varning [eigi yfir-
leitt ekki] ^{þessu} að reyna að selja í Reykjavík, heldur eigi
að ^{þessu} ~~þessu~~ honum ^{línu & ræðum} ~~í~~ úti um land. Veit ég ekki, hvort
ykkur, góðir Snæfellingar, gefst færi á að meta gæði
hans eða hvort hann á eingöngu að seljast þar, sem
kaupfélögin hafa fullkomna einokunar-aðstöðu.

Um allar þessar aðfarir skal ég ekki kveða upp
dóm, heldur læt hverjum ykkar það eftir fyrir sig.
En óneitanlega held ég, að flestir hljóti að telja
það öruggara, að þeir, sem hér hafa mest haft sig í
frammi, fái ekki einokun á fjármálum og verzlun lands-
ins. Samkeppnin er ^{til að forðast óþægileik þessu} þeim áreiðanlega holl ^{til} ekki síður
en ~~öðrum~~ ^{einokun eunnar}

hvort heldur í
stjórn Binnsta-
bankans eða
Lana banka íslensku
eða vína- og félagi

Samkeppnin er ~~einu~~ vafalaust bezta leiðin til
að tryggja sem lægst verðlag. Aldrei verður hjá því
komizt, að þeir, sem mest hafa af hinum sérstöku
verzlunar-hyggindum, hagnist meira en aðrir. Það er
og viðskiptamönnum þeirra beint til hags, ef þeir fá
gróða sinn af því að selja betri eða ódýrari vöru en
aðrir. Meðan einokun er eða verzlunarhöft græða þar
á móti jafnvel afglaparnir. Vefnaðarvörubúðin í
Austurstræti fór yfrum vegna þess, að hún þoldi ekki
samkeppnina, með áframhaldandi innflutningshöftum var
henni engin hættu búin.

Um þessar mundir er stærsta smásöluverzlunin á
landinu, Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, í miklum
fjárhagsörðugleikum, af því að ^{þessu} ~~þessu~~ stenzst ekki sam-
keppnina við kaupmennina þar syðra. Hvorki stærð
fyrirtækisins né rekstursformið ræður hvernig fer,
heldur hæfileikar þess, sem því stjórnar, ^{þessu} ~~þessu~~ hér sannast

enn, að veldur hver á heldur, og að það er hvorki ríkisafskipti né samvinnu-formið, sem takmarkar milli-
liðagróðann heldur frjáls samkeppni. Með henni er hverjum einstakling um sig fengið bitrasta vopnið, sem til er, sjálfum sér til varnar gegn ágangi annarra. ^{í þessum efnum}

Skýringanna á hinu háa verðlagi hérlendis og efnahags-ójafnvægi er ^{og} ekki að leita í milliliðagróð-
anum, heldur fyrst og fremst í hinu háa kaupgjaldi. Þeir, sem vinna við undirstöðu atvinnuvegina svo sem landbúnað og sjávarútveg, heimta ~~auðvitað~~ sambærileg kjör við aðra launþega, en ^{þeir} svo há, að þessir atvinnu-
vegir fá með engu móti undir risið. Ef ekki væri að gert, mundi atvinnurekstur flestra stöðvast á skammri stundu, en slíkt mundi horfa til landauðnar.

Af þessum ástæðum hafa stjórnvöldin, Alþingi og ríkisstjórn, þvert á móti vilja sínum, orðið að grípa til niðurgreiðslna á landbúnaðarvörum, bátagjaldeyris fyrir vélbátaflotann og beinna rekstrar-styrkja fyrir botnvörpungaútgerðina. Féið, sem til alls þessa þarf, er aftur á móti tekið af öllum almenningi, sem áður hafði heimt of mikið í sinn blut af atvinnuvegunum.

Með þessu myndast hringrás, sem fáa kosti hefur, en veldur margs konar óhagræði, m.a. því, að menn halda í fljótu bragði, að verið sé að styrkja þær atvinnugreinar, sem allir lifa þó af að lokum. Enn fremur er í skjóli þessa reynt að telja mönnum trú um, að álögur þessar fari í ýmiss konar eyðslu eða óhóf, ýmist hjá ríkinu eða atvinnurekendum, þar sem hér er í raun rétttri aðeins um nauðvörn að ræða gegn þeim byrðum, sem lagðar hafa verið á atvinnuvegina og þeir

mundu alls ekki fá undir risið, ef ekki væri við gert með þessu ráði eða öðru.

Ef þessi aðferð væri launþegunum raunverulega til hags, væri ekki um að fást. En engin hamast ólmur gegn bátagjaldeyrinum og álögunum, sem þarf til að standa undir niðurgreiðslum og togara-styrkjum, en einmitt þeir, sem ákafast berjast fyrir þeim háu launum, er heinlínis hafa leitt til þessa fjárhagskerfis. Með þessu sanna þeir óheilindi sín ápreifanlega. Fyrir þeim vakir ekki að fá sem bezt kjör verkalyðs eða alls almennings, heldur að efna til þess glundroða, sem þeir vona að verði til að kynda ~~at~~ metnaðarbáli sjálfra þeirra og ryðja þeim brautina í valda-streitunni.

Af þeim orsökum og mörgum öðrum er íslenzku þjóðinni fátt mikilsverðara en það, að sannir lýðræðisunnendur, hvar í flokki sem er, fylki liði til að bjarga verkalyðshreyfingunni úr klóm þeirra, er hana misnota sjálfum sér til hags en verkalyðnum til bölvunar.